

EFTIRLITSSKÝRSLA

Samherji fiskeldi ehf. Stað, Grindavík



Dags eftirlits	13.6.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Samherji fiskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Stað í Grindavík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610406-1060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Hjalti Bogason	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðdís og Bylgja	Staðsetning	326207,593 372914,582

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirliti. Seiðaeldislögn uppfyllir ekki kröfur í reglugerð um fráveit og skólp nr. 798/1999, 2. tl. 9. gr. um að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skuli veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum enda séu skilyrðin í 6. og 10. gr. uppfyllt. Vegna ákvæða í 7. tl. sömu greinar reglugerðarinnar þá er heimilt, ef ómögulegt reynist vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla ákvæði í 2. tl., að leggja til aðrar lausnir sem viðkomandi heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur samþykkt að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, að frárennslu fiskeldisins um útrás sem nær út fyrir brimvarnargarð geti verið fullnægjandi lausn á þessum stað. Seiðaeldislögn (sem á að tengjast tilraunaeldi Hafrannsóknastofnunar að Stað) uppfyllir ekki þessar lágmarkskröfur.

Rekstraraðila er bent á ákvæði í 41. grein reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, kröfur til neyslugeyma. „Afgreiðsluplan tengt í olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á bifreiðar“.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Samherja fiskeldi ehf. á Stað í Grindavík.

Starfsleyfið er frá 24. ágúst 2018 og heimilar eldi á laxi og bleikju í stöðinni, allt að 3000 tonn af lífmassa á hverjum tíma. Einungis bleikja er nú í stöðinni.

Eftirlitið hófst á „teams“-fundi fyrir hádegi. Mætt voru Heiðdís Smáradóttir verkefna- og gæðastjóri fiskeldis hjá Samherja, Hjalti Bogason rekstrarstjóri stöðvarinnar á Stað í Grindavík og Bylgja Hálfánardóttir aðstoðarmaður rekstrarstjóra. Eftir hádegi var farið í vettvangsheimsókn að Stað.

Dagskrá:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Farið yfir kröfur í starfsleyfi
3. Áhersluverkefni Umhverfisstofnunar
4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
5. Önnur mál, atvik, breytingar, umgengni, óhöpp og kvartanir

1. Fram kemur í ársskýrslu síðasta árs að reksturinn hafi verið með hefðbundnum hætti og gengið vel. Bleikjuframleiðslan var heldur aukin frá árinu á undan. Stöðin hefur verið með ASC vottun frá júní 2021. Samanlöggð framleiðsla síðasta árs voru 2552 tonn en dauðfiskur var um 200 tonn.

Engin hreinsun í frárennslinu og ekki krafa um það í starfsleyfinu. Gildra hreinsar dauðfisk úr frárennslisvatninu. Losað er í sjó neðan stöðvarinnar. Eitt frávik kom fram í eftirliti. Seiðaeldislögn uppfyllir ekki kröfur í reglugerð um fráveit og skólp nr. 798/1999, 2. tl. 9. gr. um að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skuli veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum enda séu skilyrðin í 6. og 10. gr. uppfyllt. Vegna ákvæða í 7. tl. sömu greinar reglugerðarinnar þá er heimilt, ef ómögulegt reynist vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla ákvæði í 2. tl., að leggja til aðrar lausnir sem viðkomandi heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur samþykkt að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, að frárennslu fiskeldisins um útrás sem nær út fyrir brimvarnargarð geti verið fullnægjandi lausn á þessum stað. Seiðaeldislögn (sem á að tengjast tilraunaeldi Hafrannsóknastofnunar að Stað) uppfyllir ekki þessar lágmarkskröfur.

Losun fosfórs má ekki fara yfir 9 kg/tonn af framleiddum fiski. Í ársýrlitinu rekstraraðila fyrir Stað í Grindavík kemur fram að heildarfosfór (á föstu og uppleystu formi) er 8,5 kg/framleitt tonn sem er undir losunarmörkum starfsleyfisins.

Engin eldri frávik eru opin.

2. Samkvæmt starfsleyfi skulu þrjár skriflegar áætlanir liggja fyrir í starfsstöðinni, þ.e. áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, (grein 1.5), viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar (grein 2.5) og neyðaráætlun (grein 2.6). Rekstraraðili uppfærðar áætlanir reglulega.

Vöktun á áhrifum eldisins á viðtaka skal gera með sýnatöku úr frárennslu. Mælingar skal gera á þriggja ára fresti frá 2018. Næstu mælingar skal gera árið 2024. Vegna ASC vottunar hafa undanfarin ár verið gerðar mánaðarlegar mælingar á svifefni, BOD-5, heildarfosfór og heildarköfnunarefni.

Aðferðir við skráningar voru skoðaðar og hvernig upplýsingar úr tölvukerfum, dagbókum og myndatöku eru nýttar til þess að uppfylla skráningaskyldur í starfsleyfinu. Ekki eru gerðar athugasemdir við mælingar og skráningar.

Árlega skal skila ársyfirliti, grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi. Öll gagnaskil til Umhverfisstofnunar voru tímanleg og ekki gerðar athugasemdir við það.

Skoðuð var geymsla sóttreinsunarefna, lyfja og annarra hættulegra efna. Umgengni var góð. Rekstraraðili er með ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar upp á 1 000 000 SDR. Rætt var um tryggingaskírteini vegna bráðamengunartryggingar. Farið var fram á að rekstraraðili sem er með margar staðsetningar þar sem krafist er bráðamengunartryggingar (eldi sjávar- og ferskvatnslífvera með fráveitu til sjávar) láti vátryggingarsala lista upp þær staðsetningar sem þær staðsetningar sem tryggingin nær til. Nýtt tryggingaskírteini með staðsetningum hefur nú borist.

3. Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun. Ekki er líklegt að olíumengun í jörðu finnist á lóðinni á Stað í Grindavík.

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglugundnar vettvangsheimsóknir með skemmti fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsókna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar.

4. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til, og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita. Farið var yfir áhættumat stöðvarinnar. Niðurstöður áhættumatsins verðar nýttar við endurskoðun áhættumats fyrir strandstöðvar.

5. Engin mengunarhöpp hafa orðið í stöðinni og engar kvartanir borist vegna hennar Skoðuð var aðstaða í fjöru þar sem frárennsli seiðaeldislagsnar er fyrirhugað, eins skoðuð geymsla hættulegra efna og lyfja og ekki gerð athugasemd við efnageymslu. Ekki eru gerðar athugasemdir við umgengni. Fara þarf í framkvæmdir til þess að uppfylla kröfur sem gerðar eru til frárennslislagsnar í stöðinni.

Rekstraraðili ættar að uppfæra áætlun sína um meðferð úrgangs og senda afrit á eftirlitsþega.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

kröfu í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, gr. 9.2	Seiðaeldislögn uppfyllir ekki kröfur skólpi sem veitt er til sjávar skuli veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum.
---	---

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á ákvæði í 41. grein reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, kröfur til neyslugeyma. „*Afgreiðsluplan tengt í olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á bifreiðar*“.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 17.07.2023


Gottskálk Friðgeirsson

bls. 4